

Reykhólaskóli.

Rebekka Eiríks



ÚTIVIST, TÁLQUN OG VÉLLÍÐAN

UMS - 81

Mái 2018

## Markmið verkefnisins.

Þjóða nemendum uppá uppbyggjandi tómstundaiðju, kynnast skóginum og vera skapandi. Vinna nemendur úr þeirri afþreyingu sem símar eru og fá þá til að stunda skapandi og róandi iðju þegar skipulögð útivist er á dagskrá s.s. tálga og smíða úr skóginum okkar. Útbúa í sameiningu útikennslu/útivistar svæði fyrir bæði skólann okkar og leikskólann. Eins og nafn verkefnisins lýsir er meginmarkmiðið útivist, tálgun og vellíðan.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.

Skipulagðar voru lotur. Fyrsta lotan var skipulögð sem innlögn fyrir verkefnið og fór fram í september. Til að ná sem mestum árangri var Ólafur Oddosn fenginn sem gestakennari. Skipulagðir voru tveir dagar þar sem stundatöflu var breytt og bekkjunum skipt upp í hentugar hópastærðir og tálgað var allan skóladaginn. Þannig að hver hópur fékk 80 mínútur hvorn dag. Lögð var áhersla að innlögn á tálgutækninni fyrir framhaldið.

Hér er samantekt á áherslusviðum verkefnisins:

### **Tálgutæknin**

- Nemendur læra tálgutæknina með því að æfa 4 hnífsbrögð með „að og frá aðferðinni“ og beyta ekki afli á hnífhendina heldur ýta með annarri og stýra og stoppa með hinni. Lagður grunnur að skreytingu á tálgugripum, tálgun á fígúrum, semsett verkefni s.s. dýr og fjallað um hugmyndir að margs konar verkefnum til kynningar.  
Eftir þessar æfingar eiga nemendur að hafa **fengið tilfinningu fyrir tækninni** og byrjað að öðlast öryggi og finna að líkamleg samhæfing og tækni skilar árangri með góðum æfingum og líkamlegri tilfinningu/ vöðvaminni.

### **Höggvið í eldinn**

- Þátttakendur læra að lesa í viðinn s.s. kvisti og kljúfa stutta og granna víðiboli til helminga og í fjóra búta og e.t.v. fleiri s.s. í smjörhnífagerð. Nemendur standa við trjából sem hentar þeirra stærð og nota exi og tréhamar/kjullu til að kljúfa. Yngri nemendur fá aðstoð við að halda öxinni

meðan þeir berja á hana með hamrinum. Um leið og klofið er má velta fyrir sér í hvaða önnur verkefni má kljúfa í s.s. sleifar og ausur, bátasmíði, skálar og margt fleira.

### **Grisjun og umhirða**

- Allir nemendur fá kennslu í að grisja með klippum og sögum um leið og þeir sækja efni í tálguverkefni s.s. töfrasprota, skartgripaefni, brauðgreinar eða snagaefni. Tilgangurinn er að sýna að garðaúrgangur/greinaafklippur er ekki sorp heldur verðmæti. Einnig og ekki síður að sýna nemendum hvernig má bæta heilsu trjána/skjólbeltanna þannig að þau verjist betur áföllum, bindi meira kolefni/við og framleiði meira súrefni. Nemendur sjá með dæmum hvernig má snyrta/klippa tré og skjólbelti í þessum tilgangi.

### **Eldiviðurinn og útiöldunin**

- Bakað verður einfalt greinabrauð og frætt um uppkveikun, eldun og eldiviðargerð. Hvernig jafnvægisstillta trén eldunina og hvers vegna lifnar sólin í viðnum? Notaðar eru ferskar 80 sm langar víðigreinar við baksturinn sem nemendur hafa sjálfir klippt úr skjólbelti. Nemendur læra hvernig trén binda kolefnin í viðnum og hvernig hann losnar úr viðnum við bruna. Eldurinn þarf súrefni til að nærast og losar sig við kolefni sem trén taka síðan til sín aftur og binda í nýjum viði í vexti sínum. Um leið láta þau frá sér súrefni sem við getum andað að okkur og eldurinn.

### **Áhöld og búnaður**

- Tálguhnífar, handborar, vélborar, kljúfexi, kjulla, greinasagir, klippur, eldpanna, ketill, kubbar til að kljúfa á og sýnishorn af margs konar verkefnum til kynningar.
- Efni: Æfingagreinar, efni í töfrasprota, snaga, dýr og girðingar, eldiviðarkubbar til að kljúfa og brauðgreinar.

Verkefni fléttuð við námsgreinar og menntunargildin s.s. sköpun, sjálfbærni, jafnrétti og læsi.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið stóðs nokkurn veginn áætlun. Veðrið setti þó helst strik í reikninginn þar sem nokkuð blautt var í haust. En þó fannst tími, og farið var út að tálga og vinna þegar veðrið bauð uppá það. Mikill tími fór í æfingar á tálgutækninni og því urðu færri verkefni til heldur en vonir stóðu til um. Einnig var stefnt að koma meiri útiöldun að, en ekki gafst tími til þess vegna annarra verkefna. En stefnt að halda áfram í útiölduninni í haust.

Verkefnið stuðlaði að heilbriggi afþreyingu, en fyrst í haust var nemendum frjálst að vera með farsíma í skólanum, en eftir 1. desember voru settar reglur þar sem bannað var að vera með slík tæki í skólanum og því kom það ekki eins skýrt fram hvort þau veldu sér að tálga frekar en að vera í snjallsímum.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.

Eins og áður var sagt frá var það helst veðrið sem setti strik í reikninginn. Tímaleysi setti verkefninu dálitlar skorður, þar sem sum verkefnin hefðu þurft lengri tíma í senn. En í staðinn hittumst við oft og unnum í styttri tíma í senn. Nemendurnir tóku mjög vel í verkefnið strax í byrjun þar sem við eyddum tveimur heilum skóladögum í tálgun og skylda vinnu. En eftir það voru meiri tímamörk á vinnunni og hefði verið skemmtilegara að hafa lengri tíma með hverjum hóp.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnavinnu.

Nemendur hafa náð mjög góðum tókum á vinnubröðgum við tálgun, fengið fræðslu sem hjálpar þeim að lesa umhverfi sitt betur og tengja sig við það. Hafa lært iðju sem hjálpar þeim að stunda heilbrigða og holla afþreyingu. Geta þróað sína þekkingu og getu til góðs t.d. framleitt eigið handverk og gjafir fyrir sína nánustu og aðra. Verkefnið höfðaði mjög vel til nemendahópsins



## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið mun hafa áhrif á skólastarfið í heild. Þegar nemendur höfðu náð tókum á tálgutækninni var boðið uppá tálguismiðju í útivistartíma nemenda á morgnana. Sá tími er 20 mínútur og þegar veður leyfði gátu nemendur valið að tálga verkefni að eigin vali. S.s. höfðu aðgang að kennara og efni á áhöldum til að vinna að verkefnum sínum. Þar sem það eru rúmlega 40 nemendur í skólanum var hópunum skipt í tvennt og hver hópur gat tálgað tvisvar í viku. Suma dagana var þó uppbrot og engin hópaskipting og höfðu þá allir val um að tálga. Árangurinn var sá að margir nemendur völdu að sitja saman, spjalla og tálga. Hópurinn var úr öllum bekkjardeildum ásamt nemendum með sérþarfir. Undir lok verkefnisins var getan orðin meiri og mun verkefnisstjóri halda áfram að vinna með verkefnið þó svo að formlega sé því lokið, þar sem þessar stundir með nemendum voru mjög svo gefandi og augljóst er að allir eru að njóta þeirra. Einnig mun tálgun vera hluti af lotukerfi í verklegu vali á unglingsstigi næsta vetur.

## Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins. - Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins. - Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það? - Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Niðurstöður verkefnisins eru að nemendur gerðu mörg skemmtileg og fjölbreytt verkefni sem eftir þau liggja, mörg hver gerðu einnig verkefni sem þau vildu gefa skólanum, á meðan aðrir fóru heim með afraksturinn. Verkefni voru bæði nytjahlutir, afþreying og skrautmunir.

Útbúinn var aðstaða til útieldunar. Þar er eldstæði sem er útbúið á þann hátt að sem minnst hætta er á að eldurinn breiðist út fyrir eldstæðið. Þ.e. eldtefjandi sandur er í kringum eldstæðið. Svo eru trékollar sem eru gerðir úr gömlum rafmagnsstaurum, hægt er að færa þá úr stað og raða þeim að vild. Síðan eru lengri bútar af símastaur sem eru bekkir þar sem nokkrir geta setið saman, þeir eru ekki færanlegir. Eitt af óhefðbundnari verkefnum sem við unnum þar með miðstiginu, var að kanna hve eldfimir nokkrir fyrirfram ákveðnir hlutir voru. Bæði

skemmtilegt og afar augljóst hvaða hlutir brunnu vel og hverjir ekki, og kom það helst á óvart hve bómull brann vel.

Verkefnið mun halda áfram, það sem setti helst verkefninu skorður var veðrið þar sem mestur hluti þess fór fram utandyra mun verkefnisstjóri bæta við verkþáttum og fá að vera með útikennslu á leikjanámskeiði í sumar fyrir yngri hópana. Þar sem það var áhugi á að eyða meiri tíma í það, og einnig til að geta eytt lengri tíma saman samfellt. Stemmningin í hópnum hefur líka verið það skemmtileg að verkefnið mun halda áfram næsta haust, og þá verður lögð áhersla að þróa þau vinnubrögð sem þau hafa nú þegar lært og bæta við og gera flóknari hluti.

### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið verður kynnt á vef sveitarfélagsins og skólans í lok skólaársins.


### Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Verkefnið setti af stað mikinn áhuga og hvatningu fyrir verkefnisstjóran, að geta fengið til sín sérfræðiaðstoð á staðinn og byrjað kennsluna hafði mjög góð áhrif á hópinn í heild og mun leggja grunn að áframhaldandi samstarfi milli þekkingaraðila. Og innan tíðar er stefnt að verkefnagrunni í tálgun fyrir grunnskóla. En hann er enn í vinnslu og mun verða tilbúinn í haust. En sá grunnur getur nýst öllum smíðakennurum og öðru áhugafólki um tálgun.

Dagsetning:



Undirskrift verkefnisstjóra  
ábyrgðarskóla



Undirskrift skólalastjóra